

Tillaga til 426. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. nóvember 2018

Tillaga bæjarstjóra

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar leggur fram eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að sameina skipulags- og mannvirkjanefnd og umhverfis- og framkvæmdanefnd í nefndina skipulags- og umhverfisnefnd sem færir með málefni beggja núverandi nefnda. Samhliða sameiningunni verði skipulags- og byggingarfulltrúa veittar auknar heimildir til fullnaðar afgreiðslu mála. Bæjarstjóra er falið að gera viðeigandi breytingar á samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórna og á erindisbréfi hinnar sameinuðu nefndar og leggja fram til samþykktar á bæjarstjórnarfundi. Enn fremur skulu gerðar viðeigandi breytingar á starfslýsingu skipulags- og byggingarfulltrúa.

Greinargerð:

Nokkrar tölulegar staðreyndir um umhverfis- og framkvæmdanefnd 2017-2018. Árið 2017 voru haldnir 20 fundir, meðalfjöldi mála var 3,25 og meðallengd funda var 1 klst. og 21 mínúta. Það sem af er ári hefur umhverfis- og framkvæmdanefnd haldið 16 fundi, meðalfjöldi mála er 3,56 og meðallengd funda er 1 klst. og 8 mínútur.

Nokkrar tölulegar staðreyndir um skipulags- og mannvirkjanefnd 2017-2018. Árið 2017 voru haldnir 22 fundir, meðalfjöldi mála var 8,1 og meðallengd funda var 1 klst. 48 mínútur. Það sem af er ári hefur skipulags- og mannvirkjanefnd haldið 18 fundi, meðalfjöldi mála er 10,4 og meðallengd funda er 1 klst. 57 mínútur.

Hægt er að fækka málum hjá skipulags- og mannvirkjanefnd umtalsvert með því að veita skipulags- og byggingarfulltrúa auknar heimildir til fullnaðar afgreiðslu mála, t.d. eru milli 40 og 50 mál á fundum skipulags- og mannvirkjanefndar umsóknir um stöðuleyfi fyrir lausafé.

Lagt er til að sameinuð nefnd heiti skipulags- og umhverfisnefnd og hafi umsjón með skipulagsmálum, byggingarmálum, umferðamálum, umhverfismálum, gróður- og náttúruverndarmálum, landbúnaðarmálum, málefnum að- og fráveitu, og málefnum sem varða búfjár- og gæludýrahald. Nefndin hafi einnig umsjón með hreinlætis og heilbrigðismálum að því marki sem þau eru ekki falin heilbrigðisnefnd. Nánari skilgreining á hlutverki verður sett fram í erindisbréfi sameinaðar nefndar. Breyta þyrfti bæjarmálasamþykktum Ísafjarðarbæjar til samræmis.

Kostnaður sveitarfélagsins vegna skipulags- og mannvirkjanefndar og umhverfis- og framkvæmdarnefndar er áætlaður 6,4 m.kr. árið 2019. Með því að sameina nefndirnar má því lækka kostnað um 3,2 m.kr. á ári eða 12,8 m.kr. á kjörtímabilinu. Skipulags- og byggingarfulltrúi og umhverfisfulltrúa yrðu starfsmenn sameinaðar nefndar.